

# Minnisblað

Til:  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 7. maí 2021  
Mnr. 2021040074



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - Beiðni um að ráða leikskólastjóra á Flateyri

Deildarstjórinn á leikskólanum Grænagarði á Flateyri hefur látið af störfum. Í staðinn réð Kristbjörg Sunna Reynisdóttir, leik- og grunnskólastjóri á Flateyri, ófagmenntaðan starfsmann tímabundið til að halda úti starfseminni á meðan ekki er vitað hvort auglýsa eigi eftir deildarstjóra eða leikskólastjóra.

Sú breyting sem óskað er eftir að ráða leikskólastjóra í stað deildarstjóra mun auka faglegt starf á leikskólanum sem og grunnskólanum og hefur ekki kostnaðarauka í för með sér. Laun leikskólastjóra eru vissulega örlítið hærri en laun deildarstjóra í svona fámennum leikskóla, en á móti mun grunnskólastjórinn auka við sig kennsluskylduna og því hækkar ekki kostnaðurinn við fyrirkomulagið.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur því til við bæjarráð að samþykkja að auglýst verði eftir leikskólastjóra í stað deildarstjóra á leikskólanum Grænagarði á Flateyri og að sú breyting verði til eins árs.